NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifarannsókn

Lagnaskurður frá sjó í spennustöð við Þúfneyri á Patreksfirði

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Október 2025

NV nr. 33-25

EFNISYFIRLIT

1. GRUNNUPPLÝSINGAR 2
2. TÆKNILEG ATRIÐI 3
2.1 Útdráttur 3
2.2 Forsaga rannsóknar 3
2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun 3
2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina 4
2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi 4
2.6 Stærð og umfang uppgraftar 4
3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á ÞÚFNEYRI 5
3.1 Lagnaskurður 5
4. GRIPIR OG SÝNI 5
5. NIÐURSTÖÐUR 6
6. HEIMILDASKRÁ 7
7. KORT 8
8. TEIKNING 9
9. SKRÁR 10
9.1 Contextaskrá 10
9.1 Ljósmyndaskrá 10
9.2 Teikningaskrá 10

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

Rannsóknarnúmer: 202505-0157

ÞJMS-númer: 2025-31

Stutt lýsing rannsóknar:

Lagnaskurður úr sjó í spennustöð við Þúfneyri við Patreksfjörð í Vesturbyggð.

Tegund rannsóknar:

Könnunarskurður

Staðsetning

Þúfneyri við Patreksfjörð í Vesturbyggð.

GPS hnit

Þúfneyri ISN93: A: 271361, N: 573685

Rannsóknartími: 30. júní 2025

Leyfishafi

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 1



2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða gerði fornleifarannsókn vegna línulagna á Þúfneyri við Patreksfjörð í Vesturbyggð. Minjastofnun Íslands fór fram á að fornleifafræðingur vakti framkvæmdina ef minjar skyldu leynast undir sverði.

Fyrirhugað er að leggja jarðstreng sem kemur upp úr sjó, meðfram vatninu og í stöðvarhús. Þúfneyri er staðsett suðaustan við Patreksfjörð sunnan Barðastrandarvegar sem liggur inn í þorpið. Eyrin er um 2.3km á lengd og 140 metrar á breidd. Framkvæmdarsvæðið er alls um 2,5 hektarar og er lítið vatnsstæði á norðaustanverðri eyrinni.

Alls var grafinn 135 m langur skurður og voru engar fornleifar að finna í skurðinum.



Mynd 1. Teikning sem sýnir fyrirhugaða legu landtengingu fóðurpramma á Þúfneyri og háspennustrengs (Efla.2024). Skurður var grafin frá háspennustreng að spennistöðvarhúsi.

2.2 Forsaga rannsóknar

Engin fornleifaskrá hefur verið gerð fyrir svæðið en hægt að sjá á loftmynd að fornminjar eru staðsettar á Eyrinni.

2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Að beiðni Brynjars Bragasonar hjá Eflu fyrir hönd Arnarlax gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða framkvæmdareftirlit fyrir gerð lagnaskurðar.

Minjastofnun Íslands fór fram á mótvægisaðgerðir á Þúfneyri haustið 2024. Þær mótvægisaðgerðir sem farið var fram á eru sjáanlegar í bréfi Minjastofnunar frá 8. nóvember 2024. Þar segir;

> Með tölvubréfi dagsett 07.10.2024 óskaði byggingarfulltrúi eftir umsögn minjavarðar um framkvæmdaleyfi vegna línulagnar á vegum Arnarlax. Eyrin hefur ekki verið fornleifaskráð en greinilegt er út frá loftmyndum að fornminjar eru á eyrinni. Minjastofnun Íslands heimilar

framkvæmd svo framarlega að fornleifafræðingur vakti framkvæmdina (Sækja þarf um uppgraftarleyfi). Ef minjar leynast undir sverði skal fornleifafræðingur hafa samband við Minjavörð Vestfjarða auk þess að skrá mannvistarlög í sniði. Leitast skal við að leggja strenginn þar sem engar minjar eru að finna.[1]

2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina

Við rannsóknina starfaði Atli Rúnarsson hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Stjórnandi var Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir 30. júní 2025. Veður var að mestu þurrt og var mikill vindur. Kristín Sylvía Ragnarsdóttir sá um skýrslugerð og tölvuteikningar.

2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Grafinn var langur L-laga skurður frá sjó að stöðvarhúsi. Við uppgröft á skurðum var notast við gröfu sem hafði 1 m breiða ótennta skóflu. Arnarlax útvegaði gröfumann fyrir verkið og fær hann sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Skurðirnir voru grafnir niður á óhreyft og var dýpt þeirra mismunandi. Snið var hreinsað og hverri einingu lýst og skráð og myndir teknar. Þar sem engin ummerki um mannvist voru sjáanleg í skurðinum var 1 m langt snið í skalanum 1:10 teiknað til að sýna þau jarðlög sem voru þar að sjá.

Ekki var hægt að taka myndir með dróna af skurðinum vegna veðurs. Könnunarskurðir voru mældir upp með Trimble juno 5 uppmælingatæki, sem er með um 10 cm skekkju og notast var við Ísnet93 hnitakerfið.

2.6 Stærð og umfang uppgraftar

Þúfneyri er um 2.3 km á lengd og 140 m á breidd. Svæðið þar sem skurðurinn var tekinn er um 2,5 hektarar að flatarmáli. Lítið vatnsstæði er á norðaustanverðri eyrinni. Skurðurinn var L- laga í laginu, 135 m á lengd og 1 m á breidd. Alls voru 30 m^3 grafnir á svæðinu.

Tafla 1. Stærð og rúmmetrar lagnaskurðar.

Skurður	Stærð	Rúmmetrar (m^3)
1	135 x 1 x 0.22 m	30

[1] Bréf minjastofnunnar frá 8. nóvember 2024. MÍ202411-0004/6.10/L.G..

3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á ÞÚFNEYRI

3.1 Lagnaskurður

Lagnaskurðurinn var 135 m á lengd, 1 m á breidd og um 0.22 m djúpur. Alls voru tvö jarðlög skráð í skurðinum. Voru það yfirborð (101) og náttúrulegur jarðvegur (102).

Yfirborðslagið (101) var dökkbrúnn siltaður sandur með mikið af rótum. Lagið var um 0.15 m á þykkt og lá beint ofan á náttúrulegri möl. Sama yfirborðslag var að sjá í öllum skurðinum.

Náttúrulegi jarðvegurinn (102) var að mestu sjávarmöl með dökkbrúnum siltuðum sandi á milli. Snið var teiknað þar sem talið var að minjar voru sjáanlegar á loftmynd. Við uppgröft kom í ljós að engar fornleifar voru að sjá í sniði og engar mannvistarleifar voru sjáanlegar í skurðinum.

Engin sýni voru tekin þar sem einungis var yfirborðslag og náttúrulega möl að ræða, og engir gripir fundust við uppgröftinn á skurðinum.

Mynd 2. Horft yfir lagnaskurð til austurs. Ljsm: AR.



Mynd 3. Snið og sniðteikning sem snýr í suðaustur á lagnaskurði. Ljsm: AR. Teikning: KSR.

4. GRIPIR OG SÝNI

Engir gripir fundust og engin sýni voru tekin.

5. NIÐURSTÖÐUR

Grafinn var 135 m langur lagnaskurður niður á óhreyfðan jarðveg. Einungis voru skráð tvö jarðlög, yfirborðslag (101) og náttúruleg sjávarmöl (102). Yfirborðslagið var jafn þykkt eftir endilöngum skurðinum. Jarðvegsþykknun er hæg á Vestfjörðum sem útskýrir einungis um 0.15 m þykkan jarðveg ofan á sjávarmölinni.

Á Loftmynd sjást tveir grónir niðurgreftir sem liggja frá norðvestri til suðausturs. Þessir niðurgreftir eru ekki sjáanlegir á gamalli loftmynd frá 1969 og má áætla að þeir hafi verið teknir eftir það, og því ekki fornleifar. Lagnaskurðurinn var grafinn þvert á syðri skurðinn og snið teiknað til að sýna að þar var enginn niðurgröftur sjáanlegur undir sverði.

Þó svo að engar mannvistarleifar voru sjáanlegar í skurðinum er ljóst að minjar eru á svæðinu. Ef frekari framkvæmdir fara fram á svæðinu þarf að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem tekur svo ákvörðun um framhaldið.

Mynd 4. Til vinstri: Loftmynd LMI frá 2023 þar sem hægt er að sjá niðurgrefti sem liggja í suðaustur-norðvestur. Til Hægri: Loftmynd LMI frá 1969 (Náttúrufræðistofnun. 1969) þar sem ekki er að sjá niðurgrefti.

6. HEIMILDASKRÁ

Loftmyndir ehf. (2023). *Ísland- Vestfirðir- Patreksfjörður.* https://www.map.is/base/@271455,573686,z12,0.

Náttúrufræðistofnun. (1969). *Eldri Loftmyndir. Svæði nr : 3 – Patreksfjörður.* https://www.natt.is/is/midlun/opin-gogn/loftmyndir.

Óútgefnar heimildir

Bréf minjastofnunnar frá 8. nóvember 2024. MÍ202411-0004/6.10/L.G.

Efla. 2024. *Landtenging fóðurpramma Þúfneyri. Spennistöð Þúfneyri.*

7. KORT

Staðsetning sniðs
NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Fornleifadeild
Skýringar
Snið
Skurður
0 10 20 m
Lagnaskurður merktur inn á kort og staðsetning sniðs.
Mælikvarði 1:800 Dags. 16.10.2025
Náttúrustofa Vestfjarða Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

8. TEIKNING

Snið sem snýr í suðaustur á lagnaskurði.



9. SKRÁR

9.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
101	Yfirborðslag	30.6.2025	AR	Dökkbrúnn siltaður sandur með mikið af rótum. Lagið var um 0.15 m á þykkt og lá beint ofan á náttúrulegri möl
102	Náttúrulegur jarðvegur	30.6.2025	AR	Sjávarmöl með dökkbrúnum siltuðum sandi á milli

9.1 Ljósmyndaskrá

Nr.	Mynda nr.	Átt	Nafn	Dagsetning	Lýsing
1	100-5884	A	AR	30.6.2025	Yfirlitsmynd af svæði fyrir uppgröft.
2	100-5885	NV	AR	30.6.2025	Yfirlitsmynd af svæði fyrir uppgröft.
3	100-5886	N	AR	30.6.2025	Yfirlitsmynd af svæði fyrir uppgröft.
4	100-5887	NV	AR	30.6.2025	Yfirlitsmynd af svæði fyrir uppgröft.
5	100-5888	NV	AR	30.6.2025	Snið sem snýr í suðaustur.
6	100-5889	NV	AR	30.6.2025	Snið sem snýr í suðaustur.
7	100-5890	V	AR	30.6.2025	Horft yfir lagnaskurð til vesturs.
8	100-5891	V	AR	30.6.2025	Horft yfir lagnaskurð til vesturs.
9	100-5892	A	AR	30.6.2025	Horft yfir lagnaskurð til austurs.
10	100-5893	A	AR	30.6.2025	Horft yfir lagnaskurð til austurs.
11	100-5894	S	AR	30.6.2025	Horft yfir lagnaskurð til suðurs.
12	100-5895	S	AR	30.6.2025	Horft yfir lagnaskurð til suðurs.
13	100-5896	N	AR	30.6.2025	Horft yfir lagnaskurð til norðurs.
14	100-5897	N	AR	30.6.2025	Horft yfir lagnaskurð til norðurs.

9.2 Teikningaskrá

Teikning nr.	Skali	Gerð	Dags.	Nafn	Lýsing
1	1:10	Snið	30.6.2025	AR	Snið sem snýr í suðaustur á lagnaskurði.